

Aðstoð kennara við skólastjórn greiðir rikissjóður sem hér segir:

Í skólum með	Stundir á kennsluviku
1200 nemendur og fleiri	36
1100 — — —	32
1000 — — —	28
900 — — —	24
800 — — —	20
700 — — —	16
600 — — —	12
500 — — —	8
400 — — —	6
300 — — —	4

7. gr.

Endurgreiðsla rikissjóðs á launum, er sveitarfélög hafa greitt kennurum í samræmi við upptalningu í 3. gr., felur ekki í sér viðurkenningu ráðuneytisins á því að rétt hafi verið greitt samkvæmt reglum 2. gr. eða almennt samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1967.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, gildir fyrir skólaárið 1968/69.

Menntamálaráðuneytið, 26. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

13. nóvember 1968.

Nr. 286.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu innflutningsgjalds samkv. 4. gr. laga nr. 68/1968,
um innflutningsgjald o. fl.

1. gr.

Innflytjendur vöru, sem innflutningsgjald skv. 1. gr. laga nr. 68/1968 hefur verið greitt af og flutt hefur verið inn með erlendum greiðslufresti með leyfi réttra stjórnvalda eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins að því marki sem eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Að kaupverð vara, sem um ræðir hafi verið greitt í íslenskum banka hinn 12. nóv. 1968 eða síðar. Eigi 1. málsliður þessa töluliðs einungis við hluta sendingar, endurgreiðist innflutningsgjaldið hlutfallslega að því leyti sem varan greiddist með nýju gengi.
2. Að innflytjandi leggi fram:
 - 2.1 Frumrit aðflutningsskýrslu (bleikt einstak) með kvittun tollstjóra um greiðslu innflutningsgjaldsins.
 - 2.2 Innkaupsreikning með áritun gjaldeyrisbanka.
 - 2.3 Afreikning banka á andvirði gjaldeyris (ásamt vixli).

2. gr.

Nú hefur innflytjandi fengið innflutningsgjaldið endurgreitt af öðrum orsökum en greinir í 1. tl. 1. gr., svo sem vegna útflutnings vörunnar eða þess háttar og kemur þá ekki til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Endurgreiðslan fer fram hjá ríkisféhirði, Arnarhvoli, Reykjavík, enda sé um-sókn skrifleg og studd fullnægjandi sönnunargögnum.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu innflutningsgjalds skv. þessari reglugerð verður því að-eins tekin til greina, að henni sé lýst innan tveggja mánaða frá dags. á afreikn-ingi banka sbr. 1. gr., lið 2.3.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68/1968 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. nóvember 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun karteflna og grænmetis, nr. 162 28. september 1962.

1. gr.

1. og 2. málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins með nægum fyrir-vara, hvaða afbrigði skulu teljast til I. flokks og II. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt: I. flokkur: Í 1. flokki mega aðeins vera kartöflur af þeim afbrigðum, sem Rannsóknastofnun land-búnaðarins ákveður. Hrein afbrigði aðgreind í tvo stærðarflokka frá 28 gr til 42 gr (þ. e. aðgreindar á 33 m/m netsigti) og 40 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar 40 m/m netsigti). Kartöflurnar skulu vera þurrar og heilbrigðar vel með farnar og fallegar útlits. Grænar og verulega hýðisskemmdar kartöflur má ekki selja í I. flokki.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 59 19. júlí 1960, um Framleiðslu-ráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.